

Náttúrufræðistofnun Íslands
Urriðaholtsstræti 6-8
210 Garðabær

Reykjavík, 22. maí 2024
UST202405-054/S.V.
09.04.00

Efni: Leyfi til rannsókna á friðlýstu svæði - Melrakkaey

Umhverfisstofnun hefur móttækið umsókn Náttúrufræðistofnunar Íslands, dagsetta 7. maí 2024 um leyfi til rannsókna í Melrakkaey á Breiðafirði.

Melrakkaey er friðlýst sem friðland skv. auglýsingu nr. 118/1974. Hún er innan verndarsvæðis Breiðafjarðar sem er verndað með lögum nr. 54/1995. Ekki er leyfilegt að fara í eyna án leyfis Umhverfisstofnunar eða umboðsmanns hennar.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um fararleyfi í Melrakkaey til að vinna að rannsókn á sjófuglum. Verkefnið er hluti af alþjóðlegu sjófuglaverkefni, SEATRACK. Þessi verkhluti snýr að því að kanna vetrarstöðvar Toppskarfs og Hvítmáfs. Sú aðferð sem beitt verður er með þeim hætti að fuglarnir eru fangaðir með snörum, merktir, sýni tekið og þeim síðan sleppt aftur. Sú aðferð hefur leitt í ljós, bæði hérlendis og erlendis, að hún hefur mjög lítil áhrif á dýrin. Áætlað er að hámark fjórar manneskjur muni koma að verkefninu sem er ráðgert að fari fram á tímabilunum 1. júní - 30. júní 2024, 1. júní - 30. júní 2025 og 1. júní - 30. júní 2026. Farið verður í eyna á bát og verður dvalið þar í einn til tvo sólarhringa á tímabilinu. Ekki er þörf að nota nein önnur vélknúin tæki í eygni.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun telur að verkefnið muni hafa óveruleg áhrif á verndargildi svæðisins enda aðeins um að ræða tímabundna truflun á fuglavarpi. Ekki er talið að rannsókn valdi skaða á friðlýsta svæðinu. Umhverfisstofnun hefur síðustu ár veitt leyfi fyrir sambærilegri rannsókn í Melrakkaey.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir Náttúrufræðistofnun Íslands fyrir sitt leyti leyfi fyrir rannsókn innan friðlandsins Melrakkaey sbr. lýsingu hér að ofan á tímabilunum 1. - 30. júní árin 2024, 2025 og 2026.

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.

- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð rannsóknarsvæðis skal haldið í lágmarki.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Umhverfisstofnun óskar eftir því að fá afrit af niðurstöðum ofangreindrar rannsóknar án endurgjalds.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Virðingarfyllst

Hákon Ásgeirsson
þjóðgarðsvörður

Sigrún Valgarðsdóttir
sérfræðingur